

Eftirfarandi dæmi á almennt við um gönguferðir í þéttbýli, áriðandi er að fara yfir þær gönguleiðir sem fyrirtækið býður og laga verklagsreglurnar að þeim, svipað og gert er í dæmi um áhættumat.

Búnaður:

- GSM sími.
- Léttur sjúkrapoki/taska með plástrum, teygjubindi, sótthreinsandi og verkjatöflum.
- Lítið gjallarhorn ef við á, t.d. stór hópur, gengið um svæði þar sem er hávaði frá umhverfi.
- Viðbragðsáætlun.

Þekking og færni starfsmanna:

- Leiðsögumaður hefur góða þekkingu á leiðinni sem gengin er og hefur farið hana nokkrum sinnum við mismunandi aðstæður.
- Leiðsögumaður hefur reynslu og eða viðeigandi menntun í leiðsögn og hópstjórn.
- Leiðsögumaður er með gilt skyndihjálparskírteini frá viðurkenndum aðila.

Við upphaf ferðar:

- Lýsa leiðinni sem að fara á
 - vekja athygli á varasömum stöðum ef við á
 - gera grein fyrir salernisúrræðum
 - lengd ferðar
 - gæta þess að þátttakendur séu ekki fleiri en reglur fyrirtækisins segja til um.
- Fara yfir reglur í gönguferðinni,
 - halda hópinn
 - hegðun gagnvart annarri umferð, t.d. á þröngum á gangstéttum og gangstígum*
 - hvernig farið er um svæði sem mögulega eru varasöm
 - hvernig fer hópurinn yfir umferðaræðar
 - eru þátttakendur sem ekki eru vanir hægriumferð
 - eru þátttakendur með skerta hreyfifærni, sjón, heyrn
 - eru ung börn í hópnum sem þarf að gæta sérstaklega að.
- Fara yfir að skófatnaður og annar búnaður þátttakenda sé í samræmi við aðstæður.
- Ef ísing eða svell er á leiðinni eru gestum boðnir léttir mannbroddar (teygjur/gormar).

Á meðan að á ferð stendur:

- Fylgjast með að enginn heltist úr lestinni,
 - slá tölu á hópinn þegar stoppað er
 - gæta þess að allir taki eftir þegar lagt er af stað eftir stopp.

Hafa sérstaklega í huga:

- Færð á veturna:
 - Ísingu, snjó, krap, klaka, svell og ruðninga.
 - Yfirfara leiðina áður en lagt er af stað og breyta í samræmi við reglur fyrirtækisins ef nauðsyn krefur.

*Hópur sem gengur í hnapp á gangstétt getur t.d. valdið öðrum hættu með því að skapa ekki svigrúm til að mætast með eðlilegum hætti.

Verklagsreglur skal yfirfara árlega og oftast komi upp atvik sem gefa tilefni til þess.